

Samskiptaáætlun Erindis

Samskiptaáætlun Erindis skiptist í þrjá flokka; markmið íþróttafélagsins, forvarnavinnu og aðgerðaráætlun. Markmið áætluninnar er að tryggja að þjálfarar, foreldrar og iðkendur séu samstíga í samskiptamálum innan félagsins. Samskiptavandamál geta verið flókin og er ætlunin að stuðla að góðum samskiptum og góðri líðan en jafnframt að bregðast við þeim málum sem upp koma. Erindi leggur ríka áherslu á að bregðast við hverju máli strax en þess vegna er talað um samskiptavanda fremur en einelti því best er að koma í veg fyrir að samskiptvandi verði að einelti. Til að kynna sér skilgreiningu á einelti, afleiðingar þess og aðrar ítarlegri upplýsingar skal bent á bæklinginn Aðgerðaráætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun.

<http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Fraedsla/A%C3%B0ger%C3%B0ar%C3%A1%C3%A6tlun%20gegn%20einelti.pdf>

Markmið:

- Íþróttafélagið hefur það sem megin markmið í öllu starfi með börnum og unglingum að þeim líði vel. Upplifun þeirra skal vera jákvæð og samskiptin góð bæði þeirra á milli sem og við þjálfara og aðra er að starfinu koma.
- Neikvæð samskipti eru ekki í boði hvort heldur sem þau eru síendurtekin gagnvart sama aðila (einelti), eða neikvæðar athugasemdir, stríðni eða útskúfun.
- Komi upp vandamál verður tekið á því strax og sérfræðingar kallaðir til ef þurfa þykir.
- Foreldrar og þjálfarar vinna saman að því markmiði að öllum líði vel og vandamál séu leyst um leið og þau koma upp.

Forvarnaráætlun:

- Foreldrar skrifa undir samþykki í upphafi er varða þátttöku og samstarf í samskiptamálum barnanna.
- Lögð er áhersla á samstarf við foreldra.
- Boðið verður reglulega upp á námskeið fyrir þjálfara til að tryggja þekkingu þeirra á samskiptamálum barna og unglunga og áhrifaríkum aðferðum sem hægt er að nýta í starfi með þeim.
- Íþróttafélagið leggur ríka áherslu jákvætt viðhorf og góða liðsheild. Þjálfarar og foreldrar vinna saman að því að byggja upp liðsheild þar sem iðkendur sýna samkennd, vináttu og samstöðu.

Aðgerðaráætlun:

- Valin skal einn ábyrgðaraðili sem er í senn tengiliður við þjálfara, foreldra og Erindi. Hjá Aftureldingu sinnir Hanna Björk, íþróttafulltrúi hlutverki ábyrgðaraðila.
- Öll atvik sem upp koma skulu skráð af ábyrgðaraðila.
- Hafi félagið tók á viðbragðsteymi skal slíkt teymi starfa undir stjórn ábyrgðaraðilans sem getur á hvaða tímapunkti sem er leitað til Erindis.
- Allir starfsmenn íþróttafélagsins geta leitað til Erindis til að fá ráðleggingar en tengiliður félagsins verður alltaf upplýstur.
- Hafi foreldrar samband við Erindi er fyllsta trúnaði gætt og ekki haft samband við félagið nema með leyfi foreldra.
- Í hverju máli sem upp kemur skal veita bæði þolanda og geranda viðeigandi aðstoð.
- Komi upp mál er varðar bæði þjálfara og iðkendur kemur Erindi til með að sinna málefni barnsins en Officium* samstarfsaðili Erindis mun aðstoða þjálfarann.
- Ef þjálfari er sakaður um einelti gegn barni kemur Officium inn í það mál.

Frekari upplýsingar um ráðgjöf og þjónustu Erindis fæst í gegnum erindi@erindi.is og á heimasíðu samtakanna www.erindi.is

*Officium er fyrirtæki sem veitir ráðgjöf í eineltismálum á vinnustöðum og hefur sérhæft sig í samskiptavandamálum milli fullorðinna einstaklinga.